



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 7. október, 2010

Ákvörðun nr. 27/2010

Brot Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði á 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga

I.

Málsatvik

Þann 17. desember 2009 barst Samkeppniseftirlitinu erindi frá Borgarplasti hf., dags. 15. desember 2009, ásamt fylgigögnum þar sem kvartað var yfir samkeppnishamlandi aðgerðum Samtaka atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði (SART) gagnvart Borgarplasti. Í erindinu var vísað til tiltekinnar greinar samskiptareglna aðildarfélaga SART sem samtökin beittu gagnvart Borgarplasti. Á grundvelli samskiptareglanna sendu SART tölvupóst til rafverktaka innan samtakanna þar sem þeim var meinað að taka að sér vinnu við raflagnir fyrir Borgarplast vegna deilna fyrirtækisins við aðildarfélagið Rafspor ehf. um uppgjör greiðslna fyrir útselda vinnu á einkaréttarlegum grunni.

Þann 19. janúar 2010, sendi Samkeppniseftirlitið bréf til SART þar sem tilkynnt var að ástæða væri til þess að hefja formlega rannsókn á samtökunum á grundvelli 10., sbr. 12. gr. samkeppnislaga. Í bréfi Samkeppniseftirlitsins var jafnframt óskað eftir fjölda gagna, m.a. afriti af umræddum samskiptareglum, fundargerðum og tölvupóstum samtakanna.

Þann 28. janúar 2010 barst Samkeppniseftirlitinu bréf frá SART, dags. 27. janúar 2010, þar sem tekið var fram að stjórn SART hefði tekið ákvörðun um að leggja til breytingar á samskiptareglum SART og aðildarfélaga á næsta aðalfundi félagsins, sem haldinn yrði þann 5. mars. Nánar tiltekið ætlaði stjórn SART að leggja til að hin umdeilda grein í samskiptareglunum yrði afnumin úr reglunum og að sama skapi að kynna aðildarfyrirtækjum sínum breytingarnar. Enn fremur kváðust SART ætla að draga umrædda yfirlýsingu um verkbann rafverktaka til baka. Með þessu kváðst stjórn SART vilja bregðast við erindi Samkeppniseftirlitsins á ábyrgan hátt þannig að eftir breytinguna léki ekki vafi á um að samskiptareglurnar fullnægðu ákvæðum samkeppnislaga.

Í bréfi SART var jafnframt óskað eftir viðbrögðum Samkeppniseftirlitsins um hvort eftirlitið teldi nauðsynlegt, í ljósi framanritaðs, að fá þau gögn sem óskað hafði verið eftir í bréfi stofnunarinnar, dags. 19. janúar 2010. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins, dags. 2. febrúar 2010, til SART var samtökunum tilkynnt að til þess að Samkeppniseftirlitið gæti lagt mat á hin meintu brot væri nauðsynlegt að fá í hendur öll gögn málsins. Með bréfi SART til Samkeppniseftirlitsins, dags. 5. febrúar 2010, bárust hin umbeðnu gögn í málinu.



Með tölvupósti Samkeppniseftirlitsins, dags. 17. mars 2010, til SART, var óskað eftir frekari gögnum og upplýsingum á grundvelli 19. gr. samkeppnislaga. Svar barst frá SART með tölvupósti, dags. 22. mars 2010.

Eftir skoðun á gögnunum var það frummat Samkeppniseftirlitsins, sem fram kom í andmælaskjali sem SART var sent 11. júní 2010, að SART hefðu brotið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga.

Þann 18. júní 2010 höfðu SART samband við Samkeppniseftirlitið og óskuðu eftir að gera sátt við Samkeppniseftirlitið í málinu. Leiddu viðræður Samkeppniseftirlitsins og SART síðan til þess að sátt var gerð í málinu þann 6. október 2010. Í sáttinni felst að SART viðurkenna að hafa brotið gegn 12. gr, sbr. 10. gr. samkeppnislaga, og fallast á að greiða stjórnvaldssekt vegna þessara brota. Að sama skapi fallast SART á að hlíta fyrirmælum sem ætlað er að koma í veg fyrir að sams konar brot endurtaki sig á vettvangi samtakanna. Fljótlega eftir að rannsókn málsins hófst tilkynntu SART Samkeppniseftirlitinu að eigin frumkvæði að þau ætluðu að afnema hinar umdeildu reglur og verklag.

II.

Niðurstaða

Í 17. gr. f samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. breytingarlög nr. 94/2008, segir að hafi fyrirtæki gerst brotlegt við ákvæði laganna sé Samkeppniseftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt. Í 22. gr. reglna um málsmeðferð Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005 segir að Samkeppniseftirlitinu sé heimilt á öllum stigum máls að ljúka því með sátt. Samkvæmt ákvæðinu getur sátt m.a. falist í því að málsaðili viðurkenni brot á samkeppnislögum og fallist á að greiða stjórnvaldssekt vegna þess. Sátt getur einnig falist í því að málsaðili fallist á að breyta tiltekinni hegðun sinni á markaðnum eða hlíta fyrirmælum eða skilyrðum sem ætlað er að vernda eða efla samkeppni. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt eða staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

SART eru hagsmunasamtök samtaka fyrirtækja í rafiðnaði. Stærsti hluti félagsmanna eru rafverktakar, en það eru rafvirkjameistarar og rafeindavirkjameistarar sem reka sín eigin fyrirtæki. Samtökin eru mynduð af sjö félögum rafverktaka af öllu landinu ásamt Félagi rafeinda- og tölvufyrirtækja. SART eiga jafnframt aðild að Samtökum atvinnulífsins. Eins og fram hefur komið hafa Samkeppniseftirlitið og SART, gert með sér sátt um niðurstöðu málsins. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á þeim brotum á samkeppnislögum sem mál þetta snýst um er lokið með þeim hætti sem rakið verður í ákvörðun þessari.

1.

Ákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga

Í 10. gr. samkeppnislaga er lagt bann við samkeppnishamlandi samráði. Í ákvæðinu segir m.a. að allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær séu bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað, séu bannaðar. Bannið tekur m.a. til samráðs um verð, skilmála, skiptingu á mörkuðum, upplýsingaskipta um viðkvæm viðskiptaleg málefni o.fl.



Í 12. gr. samkeppnislaga segir að samtökum fyrirtækja sé óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögnum. Í lögskýringagögnum kemur fram að í ákvæðinu „*sé hnykkt á því að jafnt samtökum fyrirtækja sem fyrirtækjunum sjálfum er óheimilt að standa að eða hvetja til hindrana sem brjóta í bága við bannákvæði þessara laga ...*“.¹ Ljóst er samkvæmt þessu að brot á 12. gr. felur í sér sjálfstætt brot á samkeppnislögum enda þótt efnisinntak ákvæðisins komi að nokkru leyti fram í öðrum ákvæðum samkeppnislaga, s.s. 10. gr.

Með ákvörðun samtaka fyrirtækja í skilningi samkeppnisréttarins er átt við hvers konar bindandi eða leiðbeinandi ákvarðanir eða tilmæli sem samtökin beina til aðildarfyrirtækja þannig að þau geti haft áhrif á viðskiptahætti félagsmanna. Engar formkröfur gilda um þessar ákvarðanir samtaka fyrirtækja, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2008 *Brot Samtaka iðnaðarins og Samtaka verslunar og þjónustu á samkeppnislögum í tengslum við lækkun á virðisaukaskatti á matvöru* og úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 7/2009 *Bændasamtök Íslands gegn Samkeppniseftirlitinu*. Notkun hugtaksins hvatning í 12. gr. samkeppnislaga gefur til kynna að löggjafinn hafi viljað leggja sérstaka áherslu á að ákvæðið taki til hvers konar óbindandi ráðstafana samtaka fyrirtækja sem hafa það að markmiði að raska samkeppni, sbr. ákvörðun samkeppnisráðs nr. 5/2004 *Ólögmaett samráð innan Lögmannafélags Íslands* og ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 5/2009 *Brot Félags íslenskra stórkaupmanna á 12., sbr. 10. gr. samkeppnislaga*. Hugtakið hvatning í 12. gr. samkeppnislaga nær þannig til allra aðgerða og ráðstafana samtaka fyrirtækja sem ætlað er að stuðla að því að aðildarfyrirtæki hegði sér með tilteknum hætti. Það leiðir af orðlagi ákvæðisins að slík hvatning getur verið í hvaða formi sem er.

Af þessu leiðir að margvíslegar aðgerðir samtaka fyrirtækja, s.s. tilmæli, ráðleggingar eða upplýsingargjöf, geta fallið undir 12. gr. samkeppnislaga ef þessar aðgerðir hafa það að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni eða henni raskað.

Hafa verður í huga að mörg fyrirtæki í viðkomandi atvinnugrein eiga að jafnaði aðild að samtökum og t.d. formenn eða framkvæmdastjórar slíkra samtaka tala í nafni greinarinnar allrar. Er augljóst að skuldbindandi reglur hagsmunasamtaka fyrirtækja og fyrirmæli og/eða hvatningar fyrirsvarsmanna slíkra samtaka til samkeppnishamlna eru almennt mjög áhrifamiklar og geta haft mjög skaðleg áhrif á samkeppni á viðkomandi markaði. Þessi sérkenni á samtökum fyrirtækja kalla á að tekið sé skýrt fram í samkeppnislögum að ákvæði þeirra taki jafnt til samtakanna og trúnaðar- og starfsmanna þeirra. Sökum þessa er tekið fram í 2. mgr. 12. gr. að bann 1. mgr. taki ekki aðeins til samtakanna sjálfra heldur einnig til stjórnarmanna, starfsmanna og manna sem valdir eru til trúnaðarstarfa í þágu samtakanna.

2.

Brot SART gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga

Eins og áður greinir á mál þetta rætur að rekja til erindis Borgarplasts sem barst Samkeppniseftirlitinu þann 17. desember 2009. Af gögnum málsins sem Samkeppniseftirlitið aflaði í framhaldinu mátti sjá að SART hafi gerst brotleg við

¹ Frumvarp til samkeppnislaga, lagt fram á Alþingi á 116. löggjafabingi 1992.



bannákvæði samkeppnislaga með útgáfu og beitingu sk. samskiptareglna aðildarfélaga SART. Grein 6.1 í samskiptareglunum er svohljóðandi:

„Rafverktaka er eigi heimilt að taka að sér vinnu hjá aðila sem stendur í vanskilum við annan rafverktaka. Hefji rafverktaki vinnu, án þess að aðgæta framangreindar reglur, er hann ábyrgur fyrir skuldaupphæðinni gagnvart hinum rafverktakanum, enda hafi honum áður borist tilkynning þar að lútandi frá stjórn SART.“

Af gögnum málsins má ráða að SART hafi beitt framangreindri reglu gagnvart Borgarplast, og a.m.k. þremur öðrum fyrirtækjum á rannsóknartímabilinu. Þetta gerðu samtökin með því að senda tilkynningu til aðildarfélaga sinna þar sem rafverktökum var bent á að þeim væri ekki heimilt að skipta við umrædd fyrirtæki. Ástæður þessara aðgerða gagnvart kvartanda í máli þessu var ágreiningur kvartanda við aðildarfélag SART um uppgjör greiðslna á einkaréttareglum grunni.

Eins og áður greinir gerir 10. gr. samkeppnislaga kröfu um sjálfstæði fyrirtækja viðvirkjandi hegðun þeirra á markaði. Þannig gerir 10. gr. samkeppnislaga þá kröfu að fyrirtæki ákveði sjálfstætt við hverja þau eiga viðskipti og á hvaða forsendum, enda á markaðshegðun fyrirtækis að móttast af forsendum hvers fyrirtækis um sig. Hagsmunasamtökum fyrirtækja er því óheimilt að grípa til íhlutunar sem takmarkað getur samkeppnina að þessu leyti. Viðurkennt er í samkeppnisrétti að samstilltar aðgerðir keppinauta eða samtaka fyrirtækja um að sniðganga einn eða fleiri viðskiptavinum eða keppinauta geti talist til alvarlegra brota á samkeppnisreglum, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 3/2004 *Ker hf., Ólíuverslun Íslands hf., Skeljungur og Bensínorkan ehf. gegn samkeppnisráði*.² Slíkar samkeppnishindranir geta t.d. átt rætur að rekja til reglna eða fyrirmæla hagsmunasamtaka fyrirtækja eins og á við í máli því sem hér er til skoðunar.

Samkeppniseftirlitið tekur fram að aðildarfyrirtæki SART eru keppinautar sem eiga að hegða sér sjálfstætt á markaði og er óheimilt að grípa til sameiginlegra aðgerða gegn viðskiptavinum eða keppinautum sínum. Þannig á það almennt að vera í verkahring hvers fyrirtækis um sig að ákveða viðbrögð við athöfnum viðskiptavina og á því að vera hagsmunasamtökum óviðkomandi. Að sama skapi brjóta fyrirmæli í 2. ml. greinar 6.1 í samskiptareglunum, um ábyrgð rafverktaka á skuldaupphæð gagnvart öðrum rafverktaka hefji sá fyrrnefndi vinnu hjá aðila í andstöðu við 1. ml. greinarinnar, í bága við bannreglur samkeppnislaga eins og mál þetta er vaxið. Með umræddum fyrirmælum er þannig í raun verið að koma í veg fyrir að rafverktakar hefji vinnu hjá ákveðnum viðskiptavinum/fyrirtækjum, vegna deilna á einkaréttarlegum grunni. Deilur málsaðila um uppgjör útseldrar vinnu lúta þannig í raun að samningi tiltekins keppinautar við viðskiptavin/fyrirtæki og túlkun viðkomandi samnings, þar sem fram koma m.a. verð og

² Í EB-samkeppnisrétti er í þessu samhengi talað um „collective boycotts“. Sjá t.d. Van Bael & Bellis, *Competition Law of the European Community*, fimmta útgáfa 2010, bls. 378: „A collective boycott is considered to be one of the most pernicious violations of competition law. It consists of a concerted refusal by a group of competitors to deal with one or more customers or suppliers or with a competitor which is not part of the 'club'. Collective boycotts include, for example, the refusal to supply certain customers or to conclude transaction with certain sub-contractors. The aim of such boycotts is usually to punish a 'troublemaking' customer, supplier or competitor for its trading practice (a defensive boycott) or to force a trader to adopt a certain course of conduct (a predatory boycott). Such practices constitute a deliberate violation of Article 81(1).“



viðskiptakjör. Slíkar deilur ber aðilum almennt að leysa á sjálfstæðan hátt, s.s. með samkomulagi eða fyrir dómstólum.

Í ljósi framanritaðs brýtur grein 6.1 í umræddum samskiptareglum í bága við bannreglur samkeppnislaga. Að sama skapi hafa SART brotið gegn 12 gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga, með hvatningu og fyrirmælum til aðildarfélaga SART um samkeppnishamlandi aðgerðir, eins og rakið var hér að ofan.

Þá brjóta greinar 5.1 og 5.2 í samskiptareglunum í bága við bannreglur samkeppnislaga. Greinarnar eru orðrétt svohljóðandi:

„5.1 Þjóði nýr viðskiptavinur verkefni sem til þess tíma hefur verið unnið af öðrum félagsmanni, skal rafverktaka skylt að leita upplýsinga hjá fyrri rafverktaka, áður en hann tekur verkið að sér, um hvaða ástæður hann telji vera fyrir því að hann haldi ekki starfinu. Félagsmanni er skylt að veita upplýsingar þar að lútandi.

5.2 Sé félagsmaður beðinn að taka að sér sérstakt verkefni hjá einstaklingi, félagi eða stofnun sem nýtur þjónustu annars félagsmanns ber honum áður en verkið er hafið, að fullvissa sig um að þeim rafverktaka sé kunnugt um að honum hafi verið falið verkefnið.“

Framangreindar greinar kveða á um tiltekna upplýsingamiðlun og samvinnu milli keppnauta sem til þess eru fallnar að hafa samkeppnishamlandi áhrif og auka líkurnar á samráði keppnauta á markaði. Eins og áður greinir tekur bann 10. gr. samkeppnislaga til hvers konar samvinnu eða samskipta keppnauta sem geta dregið úr viðskiptalegu sjálfstæði varðandi verð og önnur þau samkeppnislegu atriði sem falla undir ákvæðið. Þannig gerast fyrirtæki sek um samstilltar aðgerðir í skilningi 10. gr. samkeppnislaga ef þau t.d. á fundi eiga viðræður eða önnur samskipti um verð eða önnur atriði sem ákvæðið tekur til. Samstilltar aðgerðir geta falist í því að láta keppnauta vita um fyrirhugaða hegðun á markaði, með beinum eða óbeinum hætti.

Að mati Samkeppniseftirlitsins er ljóst að hagsmunasamtök fyrirtækja verða að fara afar gætilega þegar kemur að fræðslu og/eða upplýsingaskiptum sem áhrif hafa eða kunna að hafa á markaðshegðun félagsmanna. Öll samvinna eða umræður keppnauta við slíkar aðstæður eru almennt séð til þess fallnar að stuðla að ólögmætu samráði og samkeppnishömlum félagsmanna hagsmunasamtaka.

Greinar 5.1 og 5.2 í samskiptareglum SART kveða m.a. beinlínis á um ákveðna upplýsingaskyldu milli keppnauta um viðkvæm viðskiptaleg atriði sem mjög eru til þess fallin að raska forsendum keppnauta til sjálfstæðrar ákvörðunartöku. Umrædd ákvæði virðast leggja þá skyldu á félagsmenn SART að hafa með sér ólögmætt samráð. Þannig eru umræddar greinar m.a. til þess fallnar að hafa sömu samkeppnishamlandi áhrif og felast í grein 6.1 og fjallað var um hér ofar.



3.

Viðurlög og fyrirmæli

Í 37. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið leggi stjórnvaldssektir á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja sem brjóta m.a. gegn banni skv. 10. eða 12. gr. laganna nema brotið teljist óverulegt eða af öðrum ástæðum sé ekki talin þörf á slíkum sektum til að stuðla að og efla virka samkeppni. Eins og leiðir af orðalagi 1. mgr. 37. gr. er tilgangur ákvæðisins sá að varnaðaráhrif sekta stuðli að framkvæmd samkeppnislaga og þar með að aukinni samkeppni. Samkvæmt 2. mgr. 37. gr. geta sektir numið allt að 10% af heildarveltu síðasta rekstrarárs hjá hverju því fyrirtæki eða samtökum fyrirtækja sem aðild eiga að broti. Í málgreininni kemur jafnframt fram að „[e]f brot samtaka fyrirtækja tengjast starfsemi aðila þeirra skal fjárhæð sektar ekki vera hærrí en 10% af heildarveltu hvers aðila þeirra sem er virkur á þeim markaði sem brot samtakanna tekur til.“ Miðar ákvæðið að því að tryggja að fyrirtæki geti ekki hagnast á því að brjóta gegn samkeppnislögum innan samtaka fyrirtækja, þannig að sekt verði t.d. lægri vegna lægri veltu samtakanna en samanlögð velta einstakra aðildarfyrirtækja.

Í 16. gr. samkeppnislaga segir að Samkeppniseftirlitið geti gripið til aðgerða gegn samningum, skilmálum, og hvers konar athöfnum sem brjóta í bága við 10., 11. og 12. gr. laganna. Kemur fram að aðgerðir eftirlitsins geti falið í sér hverja þá ráðstöfun sem nauðsynleg er til að stöðva brot gegn ákvæðum laganna.

Sökum eðlis brota SART er rétt að samtökin sæti viðurlögum. Hafa verður í huga að aðgerðir sem fela í sér að sniðganga tiltekna viðskiptavini og/eða keppinauta eru til þess fallin að hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Að sama skapi verður að líta til þess að umræddar samskiptareglur eru út af fyrir sig til þess fallnar að stuðla að ólögumætu samráði og samkeppnishömlum félagsmanna þessara samtaka. Hvers konar tilraunir SART til þess að samræma viðskiptalega hegðun aðildarfélaga sinna eru til þess fallnar að valda almenningi tjóni. Því er mikilvægt að tryggja að samkeppnishamlandi samstarf eigi sér ekki stað innan vébanda SART í framtíðinni. Gera verður ríkar kröfur til samtaka af þessum toga um að þau sjái til þess að starfsemi þeirra sé í samræmi við samkeppnislög.

3.1

Samkvæmt framangreindu liggur fyrir að SART brutu gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga og fallast samtökin á að greiða fjórar milljónir króna í stjórnvaldssekt. Við mat á því hvort í því fælist viðeigandi viðurlög var horft til ákvæða 2. mgr. 37. gr. samkeppnislaga og litið til veltu aðildarfyrirtækja SART þar sem brotin tengdust með beinum hætti starfsemi aðildarfélaganna. Þá var við matið litið til þess að um var að ræða brot sem voru til þess fallin að valda alvarlegri röskun á samkeppni. Hins vegar var horft til þess að SART óskuðu að eigin frumkvæði eftir sáttarviðræðum og hafa undanbragðslaust játað brot á samkeppnislögum. Hafa samtökin þannig sýnt fullan samstarfsvilja við að upplýsa brotin. Með þessum aðgerðum sínum hafa SART auðveldað og stytt rannsókn og málsmeðferð samkeppnisyrivalda sem hefur jákvæð samkeppnisleg áhrif. Líta má og til þess að SART hafa í máli þessu upplýst að samtökin hafi afnumið hinar umdeildu reglur í samskiptareglunum, afturkallað verkbönn og lýst því yfir að þau muni setja sér reglur sem tryggi að samstarf félagsmanna innan SART verði ávallt samþýðanlegt samkeppnislögum. Er horft til þessa samstarfsvilja samtakanna við mat á sektum.



3.2

Fyrirmælum þeim sem SART hafa fallist á að hlíta er ætlað að efla virka samkeppni og koma í veg fyrir að samskonar brot verði framin á ný. Eru fyrirmælin þess eðlis að SART fallast á að afnema hinar umdeildu greinar samskiptareglna aðildarfélaga SART, afturkalla fyrirmæli um verkbönn og tryggja að innan samtakanna verði ekki fjallað um eða miðlað viðkvæmum viðskiptaupplýsingum eða upplýsingum um samkeppnisleg málefni með þeim hætti sem dregið getur út viðskiptalegu sjálfstæði félagsmanna og raskað samkeppni. Hefur SART hlítt því að setja sér innri reglur til að tryggja framangreint.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með sátt, dags. 6. október 2010, er gengist við því að Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði (SART) hafi brotið gegn 12. gr., sbr. 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005, og fallast þau á að greiða stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 4.000.000. Til þess að stuðla að virkri samkeppni á þeim mörkuðum sem SART starfa á fallast samtökin á að nema úr gildi greinar 5 og 6.1 í samskiptareglum aðildarfélaga SART og afturkalla öll verkbönn sem gefin hafa verið út með tilhlýðilegum hætti. Að sama skapi skal SART tryggja að innan samtakanna verði ekki fjallað um eða miðlað viðkvæmum viðskiptaupplýsingum eða upplýsingum um samkeppnisleg málefni með þeim hætti sem dregið getur úr viðskiptalegu sjálfstæði félagsmanna og raskað samkeppni. Einnig skal SART setja sér reglur til að tryggja framangreint. Brot gegn þessum fyrirmælum varða viðurlögum samkvæmt samkeppnislögum.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson